

# GJALDSKRÁ

## fyrir þjónustu Veðurstofu Íslands.

	Kr.
<b>1. Vottorð um veður.</b>	
1.1. Grunnjald .....	420
1.2. Hvert atriði í veðurathugun .....	7
1.3. Endurrit á veðurspám	
Veðurlýsing, yfirlit .....	95
Veðurspá fyrir spásvæði .....	95
Sé vottorð gefið á erlendu máli leggjast 50% ofan á grunnjald.	
<b>2. Sérþjónusta á veðurspádeild.</b>	
2.1. Teiknuð drög að Íslandskorti, 24 klst. eða 36 klst. spár .....	565
2.2. Teiknuð drög að Íslandskorti fyrir sjónvarp, 24 klst. spár .....	565
2.3. Fullunnið yfirlitskort fyrir dagblöð .....	1 125
2.4. Sérsamdar veðurhorfur fyrir afmörkuð svæði .....	285
2.5. Fyrir aðra sérþjónustu sem unnin er reglulega er tímameining metin og sama viðmiðun notuð.	
<b>3. Útseld vinna sérfræðinga á klukkustund.</b>	
3.1. Almenn sérfræðistörf .....	1 540
3.2. Umfangsmikil sérfræðistörf .....	1 645
3.3. Sérfræðistörf með stjórnun .....	1 761
<b>4. Útseld tölvugögn.</b>	
4.1. Farið inn á afleiddar skrár á stöð og mánuð .....	14
4.2. Frumathuganir (á 1000 athuganir) .....	140
4.3. Lágmarksgjald beggja liða .....	1 400
4.4. Tölvuvinnslukostnaður greiðist samkvæmt tímareikningi tölvu og taxa SKÝRR.	
<b>5. Seld veðurgögn frá tölvukerfi Veðurstofu um almenna íslenska gagnaflutningsnetið — mánaðargjöld.</b>	
5.1. Samband við fjarskiptakerfi Veðurstofu .....	1 000
5.2. Gjöld fyrir gögn umfram 300 000 stafi, fyrir hverja byrjaða 1 000 stafi	8
<b>6. Önnur þjónusta.</b>	
6.1. Sérunnið mánaðaryfirlit á stöð og mánuð .....	650
6.2. Tölvuprentun á mánaðaryfirliti á stöð og mánuð .....	200
6.3. Clímat-áskrift á stöð og mánuð — 1 stöð á ári .....	1 700
6.4. Fyrir hverja stöð til viðbótar .....	250
<b>7. Innheimta.</b>	
7.1. Gjöld þessi greiðast hjá gjaldkera Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík.	

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 4. gr. laga nr. 30, 7. júní 1985, um Veðurstofu Íslands, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um sama efni, nr. 601, 29. desember 1987.

*Samgönguráðuneytið, 2. maí 1988.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

## REGLUGERÐ

### um upptöku ólöglegs sjávarafla.

#### 1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. Sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. Sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. Sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. Sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.
5. Sem aflað er utan leyfilegra sóknardaga, sbr. 18. gr. laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

#### 2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða, magn hans og andvirði.

Úrskurður ráðuneytisins skal vera skriflegur og rökstuddur og byggja á upplýsingum Ríkismats sjávarafurða, veiðieftirlitsmanna ráðuneytisins og öðrum tiltækum sönnunargögnum.

Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er ráðuneytinu heimilt að áætla það eftir tiltækum gögnum.

Úrskurð um upptöku ólöglegs sjávarafla skal tilkynna bæði seljanda og kaupanda með ábyrgðarbréfi svo fljótt sem unnt er.

#### 3. gr.

Við verðlagningu á upptökuandvirði ólöglegs sjávarafla skal ráðuneytið miða við gildandi fiskverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins, þegar sala fer fram. Verði hinn ólögmæti afli ekki heimfærður til einstaks verðlagstímabils, svo sem þegar fiskiskip fer yfir árlegt heildaraflamark eða leyfilegan sóknardagafjölda, skal miða við meðalverð á almanaksárinu.

Þegar ólöglegur sjávarafli er seldur erlendis skal miða upptökuandvirði við söluverð í erlendri höfn umreiknað á skráðu kaupgengi í íslenskri mynt, að frádregnu kostnaðarhlutfalli, sem ráðuneytið ákveður.

#### 4. gr.

Ráðuneytið getur innheimt andvirði upptöku hjá seljanda eða kaupanda eftir því sem við á hverju sinni.

Kærefrestur til sjávarútvegsráðuneytisins er 30 dagar frá dagsetningu úrskurðar og skal skriflegum athugasemdum, ef einhverjar eru, komið á framfæri við ráðuneytið innan þess tíma.